

**ÁRSFUNDUR FRJÁLSA LÍFEYRISSJÓÐSINS HALDINN MIÐVIKUDAGINN 3.
JÚNÍ 2026 KL. 17:15 Í HÖFUÐSTÖÐVUM ARION BANKA, BORGARTÚNI
19, 105 REYKJAVÍK.**



Frjálsi
lífeyrissjóðurinn

Ásdís Eva Hannesdóttir stjórnarformaður Frjálsa lífeyrissjóðsins setti fundinn kl. 17:15 og bauð sjóðfélaga velkomna. Hún lagði til að Gestur Jónsson hrl. yrði fundarstjóri og var það samþykkt. Gestur tók við fundarstjórn.

Fundarstjóri vakti athygli á að fundinum væri streymt og yrði tekinn upp. Hann lagði til að Unnur Elín Jónsdóttir, starfsmaður Arion banka, yrði fundarritari og var það samþykkt. Fundarstjóri fór yfir ákvæði samþykktar sjóðsins um boðun fundarins, hvernig að henni var staðið og lýsti fundinn lögmætan og til þess bærann að afgreiða dagskrárefni. Bent var á að öll fundargögn væru á vefsíðu sjóðsins.

Fundarstjóri tók fram að kosning um samþykktabreytingar og stjórnarlaun færi fram rafrænt undir viðkomandi dagskrárliðum og gætu sjóðfélagar sem fylgjast með fundinum í gegnum streymi tekið þátt í atkvæðagreiðslu.

Fundarstjóri upplýsti að stjórn hefði leitað til KPMG um eftirlit með framkvæmd rafrænu kosningarinnar. Til þess var valin Soffía Eydís Björgvinsdóttir, endurskoðandi.

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning ársreiknings
3. Kynning á niðurstöðu rafrænna stjórnarkosninga
4. Tryggingafræðileg athugun
5. Fjárfestingarstefna sjóðsins
6. Kjör endurskoðanda
7. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
8. Laun stjórnarmanna
9. Önnur mál

1. Skýrsla stjórnar

Ásdís Eva Hannesdóttir, stjórnarformaður Frjálsa, tók til máls og gerði grein fyrir skýrslu stjórnar um rekstur, starfsemi og hag sjóðsins á síðastliðnu starfsári. Ásdís bauð fundargesti velkomna og í ávarpi sínu fór hún yfir skýrslu stjórnar. Sjá ávarp stjórnarformanns um skýrslu stjórnar á vefsíðu Frjálsa.

2. Kynning ársreiknings

Arnaldur Loftsson framkvæmdastjóri Frjálsa og Hjörleifur Arnar Waagfjörð forstöðumaður eignastýringar fagfjárfesta hjá Arion banka, kynntu ársreikning Frjálsa 2025. Sjá ársreikning 2025 og glærur sem þeir studdust við í kynningum sínum. Farið var yfir starfsemi sjóðsins og það helsta sem gerst hafi á síðasta ári. Arnaldur vakti einnig athygli sjóðfélaga á sameiningum Frjálsa við Lífeyrissjóð Tannlæknafélag Íslands, sem var framkvæmd í lok apríl, og fyrirhugaðri sameiningu við Lífeyrissjóð

bænda. Einnig vakti hann athygli á aðgengi sjóðfélaga að lífeyrissparnaði sínum í Frjálsa í Arion appinu og benti á að sjóðfélagar Frjálsa þurfa ekki að vera í viðskiptum við Arion banka til að geta notað appið. Einstök yfirsýn og stjórn er í Arion appinu. Frjálsi er einnig hluti af Arion fríðindum. Á síðasta ári bættist við m.a. aðgerðin úttekt á bundinni séreign.

Arnaldur fór m.a. yfir breytingu á hreinni eign 2025 og bar saman við hreina eign 2024, þróun á helstu tölum Frjálsa sl. 5 árin, fjölda greiðenda, heildarfjölda sjóðfélaga og fjölda lífeyrisþega, skiptingu iðgjalda, skyldu- og viðbótariðgjalda sem og skiptingu á séreign og samtryggingu. Farið var yfir fjárfestingartekjur á árinu 2025, og þróun kostnaðar. Arnaldur fór yfir samanburð á tryggingafræðilegri stöðu milli árána 2024 – 2025 og áætlaða breytingu á hreinni eign 2025. Að lokum fór hann yfir hvernig hrein eign Frjálsa hefur þróast það sem af er árinu 2026.

Arnaldur þakkaði stjórn og starfsmönnum Arion banka samstarfið.

Hjörleifur Arnar Waagfjörð fór yfir síðari hluta ársreiknings, ávöxtun og eignasamsetningu sjóðsins.

Hjörleifur fór yfir þróun markaða 2025, ávöxtun fjárfestingaleiðanna á árinu, helstu eignaflokka og áhrif þeirra til ávöxtunar sjóðsins, sundurliðun innlendra skulda- og hlutabréfa, sérhæfðar innlendar og erlendar fjárfestingar sem og sundurliðun erlendra verðbréfa. Benti á greinaskrif á heimasíðu sjóðsins um bæði innlendar og erlendar sérhæfðar fjárfestingar.

Hjörleifur sagði að lokum frá þróun markaða það sem af er ári 2026.

Að þessu loknu gaf fundarstjóri orðið laust og óskuðu eftirfarandi sjóðfélagar að taka til máls:

Gísli Vilhjálmsson fráfarandi stjórnarmaður í Lífeyrissjóð Tannlæknafélags Íslands: Gísli fannst athyglisvert að Frjálsi bjóði ekki upp á fjárfestingarleiðir með herra hlutfalli erlendra eigna. Spurði hvort ávöxtun í Frjálsa áhættu, án innlendra hlutabréfa, hefði ekki orðið meiri en varð í Frjálsa 3?

Sigurgísli Ingimarsson fráfarandi stjórnarformaður í Lífeyrissjóði Tannlæknafélags Íslands: Sigurgísli spurði hvort sérhæfðar erlendar fjárfestingar væru dýrari en í erlendum vísitölusjóð. *Hjörleifur Arnar Waagfjörð svaraði,* hann þakkaði fyrir góðar spurningar og hrósaði nýjum sjóðfélögum í sameiginlegum sjóði fyrir. Hann sagði að Frjálsi áhætta hefði gefið betri ávöxtun ef ekki hefðu verið innlend hlutabréf í leiðinni, sá flokkur skilaði neikvæðu framlagi meðan erlend hlutabréf skiluðu hærri ávöxtun.

Hjörleifur sagði að Frjálsi hefði sótt í auknu mæli í erlenda vísitölusjóði sem eru heldur ódýrari en þeir sem virkari eru. Sérhæfðu erlendu fjárfestingarnar væru vissulega umtalsvert dýrari, en á móti væru væntingar um það á móti að ávöxtunin verði hærri og væri verið að horfa til þess að ávöxtun verði 2-3% hærri en á skráða markaðnum, varðandi hlutabréf.

2. Kynning á niðurstöðu rafrænna stjórnarkosninga

Fundarstjóri upplýsti að samkvæmt samþykktum Frjálsa skal stjórn sjóðsins skipuð sjö sjóðfélögum og þremur til vara, kosnum af sjóðfélögum. Stjórnarmenn eru kosnir til þriggja ára í senn.

Fimm framboð bárust í tvö laus sæti í aðalstjórn. Í ljósi kynjasamsetningar stjórnar skal að þessu sinni kosin a.m.k. ein kona í aðalstjórn.

Tvö framboð bárust í eitt laust sæti í varastjórn.

Niðurstaða kosningar í aðalstjórn:

Hólmfríður Einarsdóttir	35,52%
Björn Ingi Victorsson	28,55%
Sigurgísli Ingimarsson	15,35%
Berglind Guðmundsdóttir	13,00%
Vala Valtýsdóttir	7,47%
Tók ekki afstöðu	0,10%

Samtals **100 %**

Hólmfríður Einarsdóttir og Björn Ingi Victorsson eru því réttkjörin í stjórn til næstu þriggja ára.

Niðurstaða kosningar í varastjórn:

Vala Valtýsdóttir	53,25%
Lilja Bjarnadóttir	23,87%

Tek ekki afstöðu 22,87%

Samtals **100 %**

Vala Valtýsdóttir var réttkjörin í varastjórn til þriggja ára.

4. Tryggingafræðileg athugun

Bjarni Guðmundsson fór yfir tryggingafræðilega stöðu Frjálsa lífeyrissjóðsins í lok árs 2025. Hann upplýsti um að forsendur væru þær sömu og í fyrra. Vikið er þó frá stöðluðum örorkulíkum þ.e.a.s. frávík frá meðalforsendum hjá Frjálsa lífeyrissjóðnum er að miðað er við 65% af meðalörorkutíðni fyrir karla og 55% fyrir konur. Lífslíkur þeirra sem verða fyrir orkutapi eru minni en lífslíkur annarra, svo af þessu leiðir einnig að meðalævi sjóðfélaga Frjálsa lífeyrissjóðsins reiknast lengri en að meðaltali hjá lífeyrissjóðum.

Niðurstaða tryggingafræðilegs mats í lok árs 2025 var að áfallin staða er nú -5,8%, framtíðarstaðan er jákvæð um 2,9% og er heildarstaðan -1,6%. Heildarstaðan er því innan ramma laganna og eru því engar kvaðir á sjóðnum að breyta samþykktunum.

Að þessu loknu gaf fundarstjóri orðið laust og óskaði enginn eftir að taka til máls.

5. Fjárfestingarstefna sjóðsins

Hjörleifur Arnar Waagfjörð forstöðumaður eignastýringar fagfjárfesta Arion banka fór yfir fjárfestingarstefnu sjóðsins vegna ársins 2026. Sjá fjárfestingarstefnu Frjálsa 2026 og glæurnar sem Hjörleifur studdist við í kynningu sinni. Samnefnt með þeim öllum að hlutfall erlendra eigna hefur verið að hækka.

Fundarstjóri gaf orðið laust, engar spurningar.

6. Kjör endurskoðanda

Stjórn lagði til að KPMG verði áfram endurskoðandi sjóðsins. Engar aðrar tillögur bárust en þær þurfa að berast með sjö daga fyrirvara. KPMG var því sjálfkjörið.

7. Tillögur um breytingar á samþykktum

Fundarstjóri kynnti tillögur um breytingar á samþykktum. Hann upplýsti fundinn um að fyrst myndi Kolbrún Kristín Antonsdóttir lögfræðingur og ritari stjórnar sjóðsins kynna tillögur um samþykktabreytingar og greidd yrðu svo atkvæði um þær.

Tillögur um breytingar á samþykktum Frjálsa lífeyrissjóðsins, lagðar fyrir ársfund 3. júní 2026

Lagt er til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á samþykktum Frjálsa lífeyrissjóðsins. Viðbótartillögur við samþykktirnar eru auðkenndar með grænu letri og undirstrikun og sá texti sem lagt er til að verði eytt, er auðkenndur með rauðu letri og yfirstrikun.

Tillögur stjórnar Frjálsa lífeyrissjóðsins um breytingar á samþykktum sjóðsins

Breytingartillaga á gr. 11.13

Breytingartillaga 1 (ellilífeyrisréttindi örorkulífeyrisþega)

11.13. Áunnin ellilífeyrisréttindi örorkulífeyrisþega skulu hverju sinni nema áunnum réttindum við fyrsta úrskurð örorku að viðbættum réttindum:

- ~~a) vegna framreiknings í hlutfalli við örorkuprósentu hverju sinni.~~
- a) ~~b)~~ vegna greiðslu iðgjalda eftir fyrsta úrskurð örorku, en þó eingöngu vegna þess hluta iðgjaldsins sem er umfram það sem lagt var til grundvallar framreikningi, hlutfallað með örorkuprósentu sjóðfélaga við greiðslu iðgjaldsins.
- b) ~~c)~~ vegna greiðslu iðgjalda eftir 65 ára aldur, en þau skulu metin að fullu til greiðslu ellilífeyrisréttinda.
- c) vegna framreiknings í öllum skyldusparnaðarleiðum sbr. gr. 11.3 skal reikna hver hefði verið framreikningsréttur sjóðfélaga ef iðgjald hefði verið greitt til Frjálsu leiðarinnar eftir iðgjaldshlutfalli Frjálsu leiðarinnar. Öðlast sjóðfélagi þann áunna rétt til ellilífeyris í Frjálsu leiðinni í hlutfalli við örorkuprósentu á tíma framreiknings.

Ef áunnin ellilífeyrisréttindi ásamt framreikningsréttindum, ef við á, breytast eftir að taka örorkulífeyris hefst, þá hefur það áhrif til aukningar eða skerðingar réttinda samkvæmt þessari grein. ~~Ellilífeyrisréttur sem ákvarðast samkvæmt grein þessari reiknast samkvæmt þeirri skyldusparnaðarleið sem sjóðfélaginn greiddi síðast til og greiðist frá almennum ellilífeyrisaldri deildarinnar. Ellilífeyrisréttur sjóðfélaga úr tryggingadeild fyrir sjóðfélaga sem síðast greiddi til Erfanlegu leiðarinnar ákvarðast þó samkvæmt Frjálsu leiðinni.~~

Rökstuðningur:

Grein 11.13. kveður á um hvernig ellilífeyrisréttindi öryrkja eru ákvörðuð. Lagt er til að greinar 11.13. a og hluti af 2. mgr. 11.13. verði fluttar í 11.13. c með breyttu og nákvæmara orðalagi. Tillagan gerir ráð fyrir að við útreikning ellilífeyrisréttinda öryrkja sem hafa fengið framreiknaðan örorkulífeyri skuli reikna hver hefði verið framreikningsréttur sjóðfélaga ef iðgjald hefði verið greitt til Frjálsu leiðarinnar fyrir orkutap óháð því í hvaða skyldusparnaðarleið sjóðfélagi greiddi í raun. Núgildandi orðalag gerir eingöngu ráð fyrir að greidd hafi verið iðgjöld í Erfanlegu leiðina í stað Frjálsu leiðarinnar. Vegna sameiningar Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands og Frjálsa lífeyrissjóðsins sem átti sér stað í apríl 2026 felur breytingartillagan í sér að ákvæðið nái einnig til greiðslu iðgjalda fyrir orkutap í Lífeyrissjóð Tannlæknafélags Íslands en ekki eingöngu í Erfanlegu leiðina.

Breytingartillaga á viðauka

Breytingartillaga 2 (viðauki 1. d.)

Ákvæði til bráðabirgða vegna sameiningar Lífeyrissjóðs bænda og Frjálsa lífeyrissjóðsins

Stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins hefur samþykkt samruna Lífeyrissjóðs bænda og Frjálsa lífeyrissjóðsins, skv. gr. 3.6.

Við sameiningu færast eignir og áunnin réttindi sjóðfélaga frá Lífeyrissjóði bænda í sérstaka tryggingadeild hjá Frjálsa lífeyrissjóðnum Tryggingadeild LSB (sameiningarskref 1). Tryggingadeild LSB er sett á fót tímabundið og er fjárhagslega aðskilin frá öðrum deildum Frjálsa lífeyrissjóðsins. Tryggingafræðileg athugun á deildinni skal vera framkvæmd sérstaklega samkvæmt grein 6.

Tryggingadeild LSB er lokuð gagnvart framtíðariðgjöldum og nýjum sjóðfélögum. Iðgjöldum sjóðfélaga Lífeyrissjóðs bænda, sem greidd eru í Frjálsa lífeyrissjóðinn eftir sameiningu sjóðanna, skal ráðstafa í skyldusparnaðarleiðir sjóðsins, sbr. grein 8.2. í samþykktum Frjálsa.

Tryggingadeild LSB skal sameinuð tryggingadeild Frjálsa að virtum tímasetningum í samningi um sameiningu Frjálsa og LSB, varðandi stofnun mögulegs örorkusjóðs (sameiningarskref 2). Verði örorkusjóði komið á fót mun samruni tryggingadeilda miðast í síðasta lagi við næstu áramót eftir stofnun mögulegs örorkusjóðs.

Um áunnin réttindi sjóðfélaga LSB í tryggingadeild LSB gilda samþykktir LSB eins og þær standa við sameiningarskref 1 og samþykktir Frjálsa taka til reksturs deildarinnar eftir því sem við á.

Bráðabirgðaákvæði þetta er samþykkt á ársfundi Frjálsa 3. júní 2026 og öðlast gildi ef sjóðfélagafundur Lífeyrissjóðs bænda staðfestir sameininguna á ársfundi í júní 2026, ef Samkeppniseftirlitið samþykkir samrunann og ef breytingar á samþykktum sjóðanna verða staðfestar af fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Bráðabirgðarákvæði þetta fellur brott við sameiningarskref 2.

Rökstuðningur:

Stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins hefur, með heimild í grein 3.6. í samþykktum sjóðsins, samið við stjórn Lífeyrissjóðs bænda um samruna sjóðanna.

Lagt er til að samruninn verði framkvæmdur í tveimur skrefum. Í fyrra skrefi samrunans (sameiningarskref 1) færast eignir og áunnin réttindi sjóðfélaga frá Lífeyrissjóði bænda í lokaða tryggingadeild hjá Frjálsa lífeyrissjóðnum, sem nefnist tryggingadeild LSB.

Í seinna skrefi sameiningarinnar (sameiningarskref 2) er gert ráð fyrir að tryggingadeild LSB verði sameinuð tryggingadeild Frjálsa lífeyrissjóðsins. Tímasetning þessa skrefs tekur mið af ákvörðunum um stofnun mögulegs örorkusjóðs en áformað er að hann taki við örorkuskuldbindingum lífeyrissjóða og almannatrygginga. Færsla örorkuskuldbindinga úr lífeyrissjóðum í örorkusjóð hefur mismunandi áhrif á tryggingafræðilega stöðu sjóðanna og getur þar með haft áhrif á jöfnun áunninna réttinda sjóðfélaga við sameiningarskref 2. Þykir því rétt að biðja með endanlega sameiningu tryggingadeildanna. Verði örorkusjóður stofnaður er áformað að samruni tryggingadeildanna miðist við næstu áramót eftir stofnun hans. Komi til þess að fallið verði frá áformum um stofnun örorkusjóðs, eða hafi engin ákvörðun verið tekin um stofnun hans fyrir 30. júní 2028, verður hafin vinna við sameiningu tryggingadeildanna og sameiningin miðað við næstu áramót eftir. Þó er stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins heimilt að fresta sameiningu deildanna tímabundið, og að virtum hag sjóðfélaga beggja tryggingadeilda, ef stofnun örorkusjóðs eða aðrar sambærilegar breytingar á örorkuskuldbindingum lífeyrissjóða hafa verið ákveðnar fyrir árslok 2028.

Um áunnin réttindi sjóðfélaga Lífeyrissjóðs bænda í tryggingadeild LSB gilda samþykktir Lífeyrissjóðs bænda eins og þær standa við sameiningarskref 1, en samþykktir Frjálsa lífeyrissjóðsins taka til reksturs deildarinnar eftir því sem við á. Þetta fyrirkomulag tryggir að sjóðfélagar Lífeyrissjóðs bænda njóti réttinda sem þeir hafa áunnið sér, jafnframt að rekstur deildarinnar samræmist reglum og stjórnskipulagi Frjálsa lífeyrissjóðsins.

Um var að ræða tvær tillögur um breytingar á samþykktum

Tillögur stjórnar voru bornar upp til rafrænnar atkvæðigreiðslu og voru niðurstöðurnar eftirfarandi:

Breytingartillaga 1 – grein 11.3 Breytingar á ákvæðum um útreikning ellilífeyrisréttinda örorkulífeyrisþega: Tryggingadeildaratkvæði:

Já	84,2%
Nei	3,87%
Tek ekki afstöðu	11,84%
Samtals	100,0%

Breytingartillaga 2 - grein 11.8 Viðauki D. Sameining Frjálsa og Lífeyrissjóðs bænda:

Já	85,15%
Nei	8,46 %
Tek ekki afstöðu	6,93%
Samtals	100,0%

Tillögurnar tvær um breytingar á samþykktum Frjálsa lífeyrissjóðsins þurfa 2/3 hluta greiddra atkvæða og voru því samþykktar.

8. Laun stjórnarmanna

Fundarstjóri kynnti tillögu um stjórnarlaun:

Stjórnarlaun aðalmanna

Lagt er til að stjórnarlaun aðalmanna verði 324.500 kr. á mánuði, laun stjórnarformanns verði tvöföld laun aðalmanna og laun varastjórnarformanns ein og hálf laun aðalmanna.

Auk þess er lagt til óbreytt fyrirkomulag þess efnis að ef stjórnarfundir eru fleiri en einn í mánuði skal greitt sérstaklega, sem nemur helmingi af mánaðarlegum stjórnarlaunum aðalmanns, fyrir hvern setinn aukafund sem er haldinn umfram reglubundna stjórnarfundi skv. starfsáætlun stjórnar.

Ekki er greitt fyrir fleiri en sjö aukafundi á hverju starfsári.

Stjórnarlaun varamanna

Lagt er til að stjórnarlaun varamanna verði helmingur af mánaðarlegum stjórnarlaunum aðalmanna fyrir hvern setinn fund.

Árslaun varamanna skulu vera að lágmarki ein og hálf mánaðarlaun stjórnarmanns.

Fundarstjóri bauð fundarmönnum að tjá sig um tillöguna.

Tillagan var borin upp til rafrænnar atkvæðagreiðslu og var niðurstaðan eftirfarandi :

Já	99,75%
Nei	0,25%
Tek ekki afstöðu	0,0%
Samtals	100%

Tillagan um laun aðal- og varamanna var samþykkt.

9. Önnur mál

Fundarstjóri bauð fundargestum að tjá sig um önnur mál. Enginn óskaði þess. Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum. Fundarstjóri fékk heimild til að ganga frá fundargerð ásamt fundarritara og boðaði að fundargerðin yrði sjóðfélögum aðgengileg á vefsíðu sjóðsins. Fundarstjóri þakkaði framsögumönnum fyrir þeirra framlag til fundarins og fundarmönnum samstarf við fundarstjóra um afgreiðslu dagskrármála.

Fundarstjóri gaf formanni stjórnar orðið, hún þakkaði Önnu Sigríði Halldórsdóttur fyrir vel unnin störf fyrir sjóðinn, færði henni blómvönd og sleit formaður fundi kl. 19:15.

Gestur Jónsson
Fundarstjóri

Unnur Elín Jónsdóttir
Fundarritari